

Drög að frumvarpi til laga um grunnskóla nr. 91/2008, og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, er varða fagráð eineltismála. Niðurstöður samráðs í máli nr. S-54/2021.

Drög að frumvarpi til laga um grunnskóla nr. 91/2008, og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, er varða fagráð eineltismála voru til umsagnar í samráðgátt 23. febrúar – 9. mars 2021. Alls bárust þrjár umsagnir.

Umsagnirnar voru frá Landssamtökunum Þroskahjálp, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Umsagnirnar voru almennt jákvæðar en bent var á einstök efnisatriði sem útfæra mætti nánar í störfum fagráðsins, svo sem að tryggt verði að fagráðið taki sérstakt tillit til fatlaðra barna og einstaklinga og að verklagsreglur verði þannig að fagráðið setji sér verklagsreglur um hvaða persónuupplýsinga sé talið nauðsynlegt að afla í þeim málum sem varða fötluð börn og ungmenni og að eingöngu mikilvægum upplýsingum verði miðlað. Einnig var bent á nauðsyn þess að fyrir lægju upplýsingar um fulltrúa fagráðsins á upplýsingasíðu þess, starfsemi þess yrði kynnt fyrir nemendum og að fagráðið yrði að vera í stakk búð til að taka við málum nemenda af hvaða meiði sem þau kynnu að vera. Þá var bent á að nauðsynlegt væri að stuðla að forvörnum og veita einstaklingum aðstoð við að byggja upp sjálfsmynd sína. Í þessu samhengi var hvatt til þess að hlutverk fagráðsins yrði endurskilgreint og að skólum yrði veitt ráðgjöf um hvernig koma mætti í veg fyrir einelti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti tók afstöðu til þeirra umsagna sem bárust. Þær leiddu ekki til breytinga á frumvarpinu með vísan til markmiðs frumvarpsins. Umsagnirnar verða þó hafðar til hliðsjónar við frekari vinnslu í tengslum við málefnið, svo sem við að setja reglur um starfsemi fagráðs eineltismála. Þar skal meðal annars fjallað um hlutverk fagráðs, starfshætti, hvernig málum er vísað til fagráðsins, meðferð upplýsinga og gagna, skipunartíma og þóknun.